



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Helga Bjarnadóttir  
F. h. Landeigenda jarðarinnar Litlu-Eyjar Bíldudal.  
Brunnum 23 450 Patreksfjörður

Vesturbyggð, 11. apríl 2022  
2105029 GG

Efni: **Krafa um uppgröft á gamalli asbestvatnslögn í túni Litlu- Eyjar.**

Í bréfi til bæjarstjórnar Vesturbyggðar dagsett 11. maí 2021 er farið fram á að Vesturbyggð sjái til þess að gömul vatnslögn verði fjarlægð úr túni Litlu- Eyjar og að rask á landi undanfarinna ára verði lagfært og komið í stöðu ræktaðs lands.

Vesturbyggð biðst afsökunar á að bréfinu hafi ekki verið svarað efnislega fyrr, en vinna við málið hefur þó verið í gangi hjá sveitarfélaginu allt síðasta ár, með það að markmiði að klára eins og krafa landeigenda er að skila landi sem næst stöðu ræktaðs lands.

Verið er að vinna þessa daganna umsókn að starfsleyfi vegna vinnu við Asbest skv. reglugerð 705/2009 En getið er um það í leiðbeinandi lýsingum vinnueftirlits að

*„Áður en vinna hefst við niðurrif eða viðhald á asbesti í byggingum, vélum eða öðrum búnaði, sem veitt hefur verið undanþága fyrir, skal leggja verkáætlun fyrir Vinnueftirlitið og starfsleyfisumsókn til heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Ekki er heimilt að hefja vinnu við niðurrif eða viðhald nema Vinnueftirlitið hafi samþykkt verkáætlunina og heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélags lagt blessun sína yfir framkvæmdirnar“.*

**Er verkáætlun og starfsleyfi liggja fyrir, mun verða óskað eftir fundi við landeigendur um framkvæmd verksins.**

Sveitarfélagið vinnur einnig að vinnu við framtíðarlögn vatnsveitu að Litlu- Eyri frá Gilsbakka og mun ósk um legu á þeirri lögn einnig koma til umræðu á fyrirhuguðum fundi með landeigendum.

Samrit:

Virðingarfyllst,

---

Geir Gestsson